



IÐNF2GB04B

Iðnfræði háriðna 2

Kennsluáætlun – vorönn 2025

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir

earnaarna@fsu.is

Áfangalýsing: Nemandinn lærir um hönnun og hlutföll við klippingar og greiðslur og um samskipti við viðskiptavininn. Farið er í litunarfræði, litastjörnuna, litanúmer og nöfn auk efnafræði hárlitunar- og permanentefna. Kynntar eru leiðir til sjálfbærni í hársnyttið og vistvænar vörur kynntar. Nemandinn lærir að greina mismunandi hárgerðir og hárskaða. Ýmis lykilorð við lestur leiðbeininga með hársnyrtiefnum á erlendum tungumálum eru skoðuð auk enskra fagorða. Unnið er með form, áferð, lögun og skoðaðar skilgreiningar hugtaka sem tengjast hárinu auk þess sem leitast er við að efla skilning nemenda á gerð og notkun verklýsinga. Lögð er áhersla á mikilvægi réttrar líkamsbeitingar. Nemendur gera ferilskrá og fræðast um atvinnuviðtöl.

Markmið áfangans:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi litategundum og styrkleikum þeirra.
- litastjörnuni, heitum og köldum litum, hvað andstæðir litir gera.
- efnafræði permanents og hárlitar og umgengni við hárefni.
- uppbyggingu hárs og áhrif efna á það.
- réttri líkamsbeitingu.
- helstu fagorðum sem tengjast hárinu á íslensku og ensku.

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina ástand hárs, líkamsform og andlitsfall og áhrif þess á möguleika á vali hársnyrtingar.
- lesa leiðbeiningar og notkunarreglur efna á ensku.
- nota litastjörnuna og lesa úr litaspjöldum

Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- umgangast efni af virðingu og með varúð.
- vinna með liti og permanentefni og nota þau hjálpargögn sem bjóðast.
- beita líkamanum rétt við vinnu sína.
- gera ferilskrá til atvinnuleitar.

Námsmat Símat